

Fundur 22.4.2024 Jesús Kristur (Jósúa).

Komið þið sælir.

Já góða kvöldið, velkominn.

Ekki get ég talað lengi við ykkur, en ég er útgenginn af föðurnum og vil ég leiða allar þjóðir til hans, en hef ég þó viljað hamlu örlögum þeim sem hann vill búa ýmsum þjóðum sem undir hans áhrifavaldi eru.

Og hef ég margsinnis verið truflaður við samskipti mín við þjóðir þær sem og mannkyn þau og þjóðir þar sem ég gegndi starfi fyrir föðurinn að koma á hans ríki og kynna hans boðskap fyrir heiðingjunum og sameina þjóðirnar undir hans merki.

Og hef ég verið sendur margsinnis til að fæddur af konu og getin af heilögum anda frá öðrum hnetti með sömu erfða eiginleika og faðirinn hefur og sömu hæfileika til að vinna kraftaverk og koma á framfæri hans boðskap og fá fólk til að koma til hans ríkis.

En ekki hefur mér verið leyft að koma aftur þar sem loforðin verða ekki uppfyllt fyrr en á dómsdegi og hann vill ná saman sauðunum og berjast við óvini sína.

En margsinnis lærði ég það á meðal hirðingja á jörðinni ykkar og trúar hópa sem ég umgekkst á unglingsárum mínum, að kærleikurinn væri æðsta aflið og ekki skyldi mismuna fólk og ekki skyldi treysta spádómum gamla testamentisins hvívetna, heldur boða enn meiri kærleika og hefur það margsinnis valdið mér hugarangri og komið mér í mótstöðu við föðurinn og finnst mér margt rétt sem ég lærði þar.

Og er reynt að stöðva samband þetta og vildi ég gjarnan tala við þjóðirnar og frelsa þær undan gömlu oki og fá þær til að vinna að kærleikans málum utan við trúar málin og leita mín í þögn, þar sem ekki er truflun frá eldri trúar setningum.

Verð ég nú að kveðja ykkur, því reynt er að stöðva mig, en get ég kannski svarað einhverjum spurningum.

Hver ert þú ?

Jesús Kristur var ég kallaður, en er það þó Jósúa, það er heiti mitt, en kallaður það í sögunni, minnstist ég þess að ég var fenginn til að tala við ykkur og fékk ég þar fram merkileg viðbrögð og hefur það margt vakið mig til umhugsunar og vil ég gjarnan hjálpa þjóðunum ef mér er það unnt, en þeir fari þá eftir orðum mínum sem voru hér á undan.

Ég er aðeins bundinn af föðurnum að svo miklu leiti sem mér er ókleift að losna undan ríki hans, en hef ég aðra stuðningsmenn og er ríki okkar marg klofið og get ég ekki farið út í það að sinni.

Verð ég að kveðja ykkur, en athugið orð mín og leitið ríkis míns, hvort sem það er utan við vald föðursins eða ekki.

Verið þið sælir.

Vertu sæll, þakka þér fyrir komuna.

Já.